



Fundargerð

Fundur í skipulags- húsnaðis- og hafnarnefnd Reykjalahrepps,
þriðjudaginn 10. nóvember 2020 kl. 10.00

Fundarstaður: Stjórnsýsluhúsið Maríutröð 5a, Reykholum.

Mætt: Jóhanna Ösp Einarsdóttir varaformaður, Ingimar Ingimarsson og Herdís Erna Matthíasdóttir í forföllum Karls Kristjánssonar. Einnig sátu fundinn Þórður Már Sigfússon skipulagsfulltrúi, Grettir Ásmundsson byggingafulltrúi, Ívar Örn Þórðarson slökkviliðsstjóri og Ingibjörg Birna Erlingsdóttir sveitarstjóri sem ritaði fundargerð.

Varaformaður setti fundinn og óskaði eftir öðrum málum á dagskrá. Eitt mál barst og var samþykkt að taka það til afgreiðslu undir liðnum önnur mál.

Áður en gengið var til formlegrar dagskrár mættu fulltrúar frá Flateyjarveitum, Heimir Sigurðsson, Þorvarður Lárus Björgvinsson og Þorgeir Kristófersson í gengum fjarfundarbúnað og fóru yfir hugmyndir um slökkvistöð í Flatey. Fulltrúar Flateyjarveitna fóru af fundi og var þá gengið til dagskrár.

Dagskrá:

Mál til afgreiðslu:

1. Fundargerð skipulags- húsnaðis- og hafnarnefndar 10. september 2020.

Farið yfir fundargerðina og hún samþykkt samhljóða.

2. 1910006 - Breyting á Aðalskipulagi Reykjalahrepps 2006 - 2018, vatnsaflsvirkjun í Garpsdal.

Lögð fram til samþykktar fyrirbyggjandi tillaga að breytingu á Aðalskipulagi Reykjalahrepps 2006-2018 fyrir vatnsaflsvirkjun í Garpsdal eftir auglýsingu. Svæðið sem fellur undir nýja skilgreiningu iðnaðarsvæðis vegna vatnsaflsvirkjunar er skilgreint sem landbúnaðarsvæði í gildandi aðalskipulagi. Tillagan var auglýst frá 3. september til og með 15. október 2020 og bárust umsagnir og athugasemdir frá lögboðnum umsagnaraðilum.

Í athugasemd Umhverfisstofnunar kemur fram að rökstyðja þarf þá ákvörðun að raska votlendi sbr. 61. gr. náttúruverndarlaga og gera grein fyrir öðrum mögulegum valkostum við útfærslu framkvæmdarinnar. Skipulagsnefnd bendir á að ekki er gert ráð fyrir röskun votlendis heldur er þegar raskað votlendi á svæðinu endurheimt. Enn fremur leggur Umhverfisstofnun áherslu á að tekið sé tillit til laga nr. 60/2013 um náttúruvernd og vísar í að Garpsdalsvatn falli undir a. lið 1. mgr. 61. gr. þeirra laga. Skipulagsnefnd tekur undir mikilvægi þess að lögum um náttúruvernd sé framfylgt í skipulagsferlinu og hefur verið skerpt á tilvísun í lögina í greinargerð vegna aðalskipulagsbreytingarinnar. Þar kemur fram að Garpsdalsvatn falli undir ofangreindan lið náttúruverndarlaga.

Umhverfisstofnun áréttar ennfremur í umsögn stofnunarinnar að unnið sé að innleiðingu laga nr. 36/2011 um stjórn vatnamála en meginmarkmið laganna er að vernda vatn og vistkerfi þess. Skipulagsnefnd er sammála um mikilvægi þessa málaflokks og bendir á að ný lög um stjórn vatnamála verða tekin inn í vinnu við endurskoðun Aðalskipulags Reykjalahrepps 2006-2018 sem nú stendur yfir. Varðandi ábendingu Umhverfisstofnunar varðandi vegi í náttúru Íslands um að skv. 2. mgr. 32. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd skuli sveitarfélög við gerð aðalskipulags gera tillögu að stafrænni kortagrunnsskrá aðra en þjóðvegi í náttúru Íslands. Sveitarfélög skulu flokka vegina í samræmi við flokkun skv. 4. gr. reglugerðar nr. 260/2018 um vegi í náttúru Íslands. Skipulagsnefnd bendir á að umrædd skráning hefur þegar farið fram í vinnu tengdri endurskoðun aðalskipulags sveitarfélagsins. Umhverfisstofnun bendir auk þess á

mikilvægi þess að fjallað sé um efnistöku og umfang hennar í þeim hluta er snýr að aðalskipulagsbreytingunni. Skipulagsnefnd er sammála um mikilvægi þeirra þátta er snúa að efnistöku og bendir á að ekki er gert ráð fyrir nýjum efnistökusvæðum vegna framkvæmdarinnar.

Í umsögn Minjastofnunar um aðalskipulagsbreytinguna kemur fram að tveir minjastaðir séu skráðir á svæðinu sem taka þarf tillit til við nánari útfærslu skipulagsins. Skipulagsnefnd bendir á að fjallað er um minjar í greinargerð aðalskipulagsbreytingarinnar.

Landsnet bendir á að Geiradalslína 1 sé sýnd á aðalskipulagsuppdrætti en ekki fjallað um hana í greinargerð aðalskipulagsbreytingarinnar. Skipulagsnefnd tekur undir ábendingu Landsnets og hefur umfjöllun um Geiradalslínu 1 verið bætt inn í greinargerð aðalskipulagsbreytingarinnar.

Með hliðsjón af framangreindu mælist skipulagsnefnd til að breytingin verði send Skipulagsstofnun til yfirferðar fyrir gildistöku með auglýsingu í B-deild Stjórnartíðinda skv. 32.gr. skipulagslaga nr.123/2010. Samþykkt samhljóða.

3. 1910006 - Deiliskipulag, vatnsaflsvirkjun í Garpsdal.

Lögð til samþykktar fyrirbyggjandi tillaga að nýju deiliskipulagi fyrir vatnsaflsvirkjun í Garpsdal eftir auglýsingu. Um er að ræða rennslisvirkjun sem er virkjun án uppistöðulóns. Tillagan var auglýst frá 3. september til og með 15. október 2020 og bárust umsagnir og athugasemdir frá lögboðnum umsagnaraðilum.

Í umsögn Skipulagsstofnunar kemur fram að skerpa þarf á skýringarmyndum varðandi útfærslu og staðsetningu mannvirkja auk þess sem merkja þarf minjar inn á uppdrátt ásamt 15 m helgunarsvæði. Skipulagsnefnd tekur undir athugasemdir Skipulagsstofnunar og hefur skýringarmyndum í mælikvarða 1:1000 verið bætt inn á deiliskipulagsuppdráttinn auk þess sem minjar hafa verið settar inn og helgunarsvæðið afmarkað.

Í athugasemd Umhverfisstofnunar kemur fram að rökstyðja þarf þá ákvörðun að raska votlendi sbr. 61. gr. náttúruverndarlaga og gera grein fyrir öðrum mögulegum valkostum við útfærslu framkvæmdarinnar. Skipulagsnefnd bendir á að ekki er gert ráð fyrir röskun votlendis heldur er þegar raskað votlendi á svæðinu endurheimt. Enn fremur leggur Umhverfisstofnun áherslu á að tekið sé tillit til laga nr. 60/2013 um náttúruvernd og vísar í að Garpsdalsvatn falli undir a. lið 1. mgr. 61. gr. þeirra laga. Skipulagsnefnd tekur undir mikilvægi þess að lögum um náttúruvernd sé framfylgt í skipulagsferlinu og hefur verið skert á tilvísun í lögina í greinargerð deiliskipulagsins. Þar kemur fram að Garpsdalsvatn falli undir ofangreindan lið náttúruverndarlaga.

Í umsögn Vegagerðarinnar er bent á að allar framkvæmdir við þjóðvegi eigi að vera í fullu samráði og með heimild stofnunarinnar auk þess sem aðrir þættir síðar í ferlinu eigi að vera í samráði við Vegagerðina. Sveitarfélagið þakkar ábendingarinnar.

Minjastofnun gerir athugasemdir við að tveir minjastaðir séu skráðir þar sem fallpípa er áætluð. Skipulagsnefnd tekur undir athugasemdir Minjastofnunar og hafa umræddir minjastaðir verið færðir inn á deiliskipulagsuppdráttinn og lagnaleiðin færð.

Landsnet bendir á að háspennulína sé ekki sýnd á deiliskipulagsuppdrætti og engin umfjöllun er um línuna í greinargerð deiliskipulagsins. Skipulagsnefnd tekur undir ábendingu Landsnets og hefur háspennulína verið færð inn á deiliskipulagsuppdráttinn og umfjöllun um línuna bætt inn í greinargerð.

Með hliðsjón af framangreindu mælist skipulagsnefnd til þess að skipulagið öðlist gildi með auglýsingu í B-deild Stjórnartíðinda samkv. 42.gr. skipulagslaga nr.123/2010 að lokinni yfirferð Skipulagsstofnunnar. Skipulagsfulltrúa falið að ljúka málinu. Samþykkt samhljóða.

4. 2011007 - Hólar 139594, áform um skógrækt.

Fram er lagt erindi frá Kristjáni Þórarinssyni og Sveini Þórarinssyni dagsett 7. október 2020.

Skipulagsnefnd tekur jákvætt í erindið en áréttar að framkvæmdin er leyfisskyld. Í tengslum við yfirstandandi vinnu við endurskoðun Aðalskipulags Reykhólahrepps 2006-2018 er unnið að viðmiðum um flokkun landbúnaðarlands. Stefnt er að því að sú flokkun verði lögð fram til grundvallar skipulagsákvörðunum um landbúnaðarland. Afgreiðslu máls er frestað þar til viðmið um flokkun landbúnaðarlands liggja fyrir. Samþykkt samhljóða.

5. Hafnarsvæði Karlsey, umsókn um stöðuleyfi.

Fyrir liggur umsókn Styrju ódagsett.

Skipulagsnefnd óskar frekari gagna, leyfi landeiganda þ.e. Ríkiseigna verður að liggja fyrir. Nefndin bendir jafnframt á að stöðuleyfi eru aðeins veitt í eitt ár í senn. Samþykkt samhljóða.

6. Reykhólahöfn dýpkun, verkfundargerð.

Lagt fram til kynningar

7. Funargerð 427. fundar Hafnasambands Íslands.

Lagt fram til kynningar.

Önnur mál (ef einhver):

8. 2011009 - Garpsdalur 139555 - Stofnun lóðar.

Birkir Þór Guðmundsson, fyrir hönd framkvæmdaraðila - AB-Fasteigna, sækir um stofnun lóðar úr landi Garpsdals (L139555) fyrir vatnsaflsvirkjun ásamt því að lóðin verði undanskilin landbúnaðarnotum. Fyrir liggur samningur við landeigendur í Garpsdal og lóðarblað til grundvallar umsókninni. Lóðin er 651 m² að stærð og munu engin hlunnindi eða nytjaréttur úr landi eða óskiptu landi fylgja þessari lóð.

Skipulagsnefnd samþykkir stofnun lóðarinnar og gerir ekki athugasemd við að hún verði tekin úr landbúnaðarnotkun eftir stofnun hennar. Samþykkt samhljóða.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 11.20.

_____	_____
_____	_____
_____	_____